

2. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 2023-2024, 5. desember 2023

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Fyrri fundargerð
 - a. Fundargerð 1. fundar framkvæmdanefndar 2023-2024 þann 24. nóvember 2023 var lesin upp og samþykkt samhljóða.
2. Yfirlit yfir launakostnað
 - a. BG kynnti launakostnað vegna janúar-nóvember 2023.
3. Fasteignir
 - a. Dalsgarður: BG kynnti fram komið tilboð og verðmat í eignina en söluheimild er ekki til staðar.
 - b. Syðra-Laugaland: BG upplýsti að til stæði að auglýsa landið til leigu.
 - c. Dalbraut 2, Dalvík:
 - i. BG kynnti fram komna bótakröfu vegna myglu í húsinu.
 - ii. BG upplýsti að eignin verði sett á sölu á næstunni.
 - d. Reykholt: BG upplýsti um kröfu fyrrum ábúanda um uppgjör. Rekstrarstofu falið að koma með tillögu að lausn á málinu.
 - e. Saurbær: BG kynnti ósk eiganda nágretta jarðar um kaup á um 4,7 ha spildu úr landi Saurbæjar. Ekki er söluheimild á spildunni og er erindinu því hafnað.
4. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar
 - a. Undir liðnum kom Arnór Skúlason, verkefnastjóri á fasteignasviði, inn á fund nefndarinnar.
 - b. Ákveðið var að BG myndi kanna frekari möguleika á leiguhúsnæði og afla frekari gagna um leigukjör o.fl. og kynna þær niðurstöður á næsta fundi nefndarinnar.
5. Önnur mál
 - a. Fundarritara falið að útbúa trúnaðaryfirlýsingu til undirritunar á næsta fundi.
 - b. RV óskar eftir yfirliti yfir hlunnindi á jörðum Þjóðkirkjunnar og mun rekstrarstofa taka saman slíkt yfirlit.
 - c. Á fundi Kirkjupings 2022-2023 var ákveðið að gera úttekt á landi sem hentar undir sumarhúsabyggð. Rekstrarstofu falið að vinna að málinu.
 - d. Ákveðið að uppfæra raunverulega eigendur hjá Skattinum og upplýsingar um framkvæmdanefnd á heimasíðu Þjóðkirkjunnar.

Næsti fundur ákveðinn 19. desember nk. kl. 9:00 og verða biskup Íslands og forseti kirkjupings boðaðar á fundinn.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.